

Skrá yfir viðbrögð ef rýma þarf skólann

Í Flúðaskóla er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi og neyðarlýsingar.

1. Þegar brunakerfið fer í gang fara nemendur strax í röð í stofunni. Kennari og nemendur bíða í stofu á meðan skólastjóri slekkur á kerfinu og aðgætir hvaðan boðið kemur.
- 2. Ef ekki er um eldsvoða eða hættuástand að ræða kemur skólastjóri þeim boðum til skila.**
- 3. Ef um eld er að ræða fer kerfið strax aftur í gang og skal þá rýma skólann samkvæmt áætlun.**
4. Skólastjóri eða umsjónarmaður hafa samband við slökkvilið í síma 112, tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Ritari tekur með sér skráningarbók fjarvista.
5. Kennari athugar hvort leiðin er opin/greiðfær og tekur með sér **skrá yfir viðbrögð, nafnalista og lokar öllum dyrum.**
6. Nemendur fara hvorki í skó né yfirhafnir.
7. Nemendur **ganga** út á söfnunarsvæðið (bannað að hlaupa) í röð á eftir kennara sínum.
8. Annað starfsfólk, og kennarar sem ekki eru með nemendahópa, rýmir skólann, fer á söfnunarsvæðið og myndar keðju fyrir framan nemendur.
9. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort öll börnin hafa komist út. Ef einhvern vantar skal kennari tilkynna það aðstoðarskólastjóra sem er yfirmaður söfnunarsvæðis.

10. Slökkvilið kemur á staðinn, skólastjóri eða staðgengill gefur varðstjóra upplýsingar um hvort og þá hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
11. Farið er með nemendur og starfsfólk af svæðinu í íþróttahúsið eða Félagsheimili eftir ákvörðun varðstjóra slökkviliðs.
12. Ef eldur kemur upp í frímínútum eða hádegishléi aðstoðar starfsfólk nemendur að komast stystu leið út. Umsjónarkennarar halda utan um sinn hóp, ef þeir eru ekki á staðnum skipa skólastjórnendur hópstjóra fyrir viðkomandi hóp. Þeir safna sínum nemendum saman úti á söfnunarsvæði A og raða sér eftir árgöngum. Ritari sér um að taka með sér neyðarmöppu sem staðsett er hjá honum.

Sá aðili sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.